

Reglugjörð

25
29. apríl

um viðanka við reglugjörð 23. janúar 1918 um sölu og úthlutun kornvöru, sykurs o. fl.

Samkvæmt lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum, eru hjer með sett eftirfarandi ákvæði.

Skylt er heildsölum, kaupmönnum, kaupfjelögum, brauðgerðarhúsum, svo og einstökum mönnum að gefa bjargráðanefndum þær upplýsingar um birgðir sínar af kornvörum, sykri, smjörliki og steinolíu, sem nefndirnar æskja.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 29 apríl 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Skarphjedsins Símonarsonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af atvinnu- og 29. apríl 1918. 26
samgöngumálaráðherra Íslands 29. apríl 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir „Minningarsjóð Skarphjedsins Símonarsonar“.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 10000 kr. gjöf Símonar Eiríkssonar í Litladal í Akrahreppi í Skagafjarðarsýslu, samkvæmt gjafabréfi, dags. 26. maí 1915, til minningar um son hans, Skarphjedin, er druknaði í Hjeradsvötum 15. nóv. 1914. Af sjóðnum, sem er eign Akrahrepps, eru 8600 kr. þegar afhentar hreppsnefnd Akrahrepps í útistandandi skuldum og jörðin Gil í Öxnadalshreppi, sem metin er til verðs á 1400 kr.

26
29. apríl

2. gr.

Af ofangreindum 10000 kr. skal verja svo sem þörf krefur, að áliti hreppsnefndar, til þess að byggja úr steinsteypu nægilega stórt og vandað funda- og samkomuhús fyrir hreppinn og skal hreppsfjelagið og búnaðarfélag hreppsins, meðan það kann að standa, ávalt hafa frjálsan aðgang að húsinu, gegn því að fjelög þessi sjái um viðhald hússins og ræsting, eftir þeim hlutföllum, sem hreppsnefnd Akrahrepps, eða það stjórnarvald sem kann að koma í hennar stað, ákveður.

3. gr.

Með því fje, sem afgangur verður húsbyggingunni, skal stofna sjóð er heiti »Minningsarjóður Skarphjéðins Simonarsonar«. Nafni þessu má aldrei breyta.

4. gr.

Stofnfje sjóðsins má aldrei skerða og skal það sett á vöxtu, jafnóðum og það innheimtist, í Sparisjóð Sauðárkróks og ávaxtast þar meðan stjórn sjóðsins vill, en vilji stjórn sjóðsins losna við ávöxtun fjárens eða leggist sjóðurinn niður skal fje sjóðsins ávaxtað eftir þeim reglum, sem gilda um ávöxtun ómyndugrafjár á hverjum tíma.

Vextir og vaxtavextir skulu leggjast við höfuðstólinn þar til ársvextirnir eru orðnir 300 kr.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að styrkja fátækt fjölskyldufólk, sem á sveit, eða heimili í Akrahreppi, en sem þó ekki er á sveit, og ekki stendur í sveitarskuld. Einnig getur fátækt einhleypt fólk orðið styrksins aðnjótandi, undir sömu skilyrðum, ef það missir heilsuna yfir lengri eða skemri tíma svo að það getur ekki unnið fyrir sjer.

2. Að efla alskonar framfarir í hreppnum, svo sem jarðrækt, kvikfjár- rækt, samgöngubætur, o. fl. o. fl., þegar sá tími kemur, að sjóðurinn verður þess megnugur, sbr. 7. gr.

6. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins nema 300 kr. sbr. 4. gr., skal hreppsnefnd Akrahrepps, eða það stjórnarvald, sem kemur í hennar stað, úthluta allt að 200 kr. árlega í þeim tilgangi, sem segir í 5. gr. 1, en hinn hluti vaxtanna leggist við höfuðstólinn, þar til ársvextirnir eru orðnir 500 kr. Upp frá því má úthluta allt að 400 kr. árlega í sama skyni, en það, sem umfram er, legst við höfuðstólinn. Verði ekki eitthvert eða einhver ár úthlutað öllu, sem úthluta má, vegna þess að engir eða eigi nægilega margir þykja verðugir styrks, skal það, sem ekki er úthlutað leggjast við höfuðstólinn.

7. gr.

Þegar ársvextirnir eru orðnir 1000 kr., má úthluta alt að $\frac{9}{10}$ þeirra, en $\frac{1}{10}$ leggist við höfuðstólinn upp frá því. Af þeim $\frac{9}{10}$ sem úthluta má, ganga alt að 400 kr. til fátækra, á þann hátt sem áður er sagt, en afganginum skal varið árlega upp frá því til framfara samkvæmt síðari lið 5. gr.

26
29. apríl

8. gr.

Þegar sjóðurinn hefir náð þeirri stærð, að úthluta megi úr honum til framfarafyrirtækja skal hreppsnefnd Akrahrepps, eða það stjórnarvald sem kemur í hennar stað, í samráði við stjórn búnaðarfélag hreppsins, ef það verður þá til, semja reglur fyrir úthlutuninni. Reglur þessar skulu síðan bornar undir atkvæði allra búenda í hreppnum, þeirra, sem jörð eða jarðarpart hafa til nytja og á þar til boðuðum fundi mæta. Samþykki meiri hluti hreppsbænda, sem á fundinum mæta, reglurnar óbreyttar, skal eftir þeim farið við úthlutunina framvegis, en greiði helmingur eða meira mættra hreppsbænda atkvæði móti reglunum og hreppsnefndin, eða það stjórnarvald sem kemur í hennar stað, getur ekki fallist á vilja meiri hluta, skal sýslunefnd Skagafjarðarsýslu kveða á hvernig útbýtt skuli, eða það stjórnarvald sem kemur í stað sýslunefndarinnar. Reglur þessar skulu endurskoðaðar á 25 ára fresti og þeim þá breytt, ef þurfa þykir, eftir því sem rás viðburða, nýir síðir, uppgötvanir og búnaðaraðferð og annað er máli skiftir, þykir segja til. Um endurskoðun þessa fer eins og um samning reglnanna í fyrstu.

9. gr.

Sjóðnum stjórnar hreppsnefnd Akrahrepps eða það stjórnarvald, sem kemur í hennar stað. Reikningurinn skal árlega sendur sýslunefnd Skagafjarðarsýslu til endurskoðunar, eða því stjórnarvaldi, sem kemur í hennar stað.

10. gr.

Ef ágreiningur ris milli hreppsnefndar eða þess stjórnarvalds, sem kemur í hennar stað, og annara, sem hlut eiga að máli, um úthlutun fjárens, eða um rjettan skilning á ákvæðum skipulagsskrár þessarar, þá skal þeim ágreiningi skotið undir fullnaðarúrskurð sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu eða þess stjórnarvalds, sem kemur í hennar stað, þó þannig, að þeim einstaklingi, sem kynni að þykja rjettur sinn fyrir borð borinn, er frjáls að leita úrskurðar dómstólanna þar um.

11. gr.

Starfssvið sjóðsins er bundið við það svæði, sem Akrahreppur nær nú yfir, án tillits til breytinga, sem síðar kunna að verða gerðar á stærð hans.

26 Verði hreppnum skift skiftist sjóður þessi milli hinna nýju hreppa, í sama hlut-
29. apríl falli og aðrar eignir hins núverandi Akrahrepps.

Á skipulagsskrá þessari skal leita staðfestingar konungs.

Litladal í Akrahreppi hinn 11. júní 1916.

Simon Eiríksson.

Vitundarvotttar:

Gísli Björnsson,
Jón Árnason.

27 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir »Verðlauna- og styrktar-
29. apríl sjóð Stefáns P. Björnssonar frá Veðramóti«, útgefin á venjulegan hátt að mandat-
um af atvinnu- og samgöngumálaráðherra Íslands 29. apríl 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir „Verðlauna- og styrktarsjóð Stefáns P. Björnssonar
frá Veðramóti“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Verðlauna- og styrktarsjóður Stefáns P. Björnssonar frá Veðramóti.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er fyrst og fremst sá, að verða lyftistöng fyrir landbúnað í Skarðshreppi, eða það svæði, sem Skarðshreppur nú tekur yfir. En þegar vaxtamagn sjóðsins er orðið meira en nemur því, sem skipulagsskrá þessi ákveður, að ganga skuli til styrktar landbúnaði beinlínis má að meira eða minna leyti verja því, sem fram yfir verður, til annara velferðarmála (sbr. 4. gr.).

3. gr.

Stofnfje sjóðsins er kr. 337,26. Skal fje sjóðsins standa á vöxtum í Sparisjóði Sauðárkróks eða annari tryggri lánsstofnun og skulu ársvextir jafnan lagðir við höfuðstólinn til 3. sept. 1980. Þá má fyrst taka af vöxtum sjóðsins allt að helmingi þeirra til að verðlauna 1—2 bændur hreppsins, þá er mest hafa unnið